

---

# Fundargerð

---



**ÍSLENSKI**  
LÍFEYRISJÓÐURINN

---

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn þann 21. maí 2014,  
kl. 17:00 í höfuðstöðvum Landsbankans, Austurstræti 11,  
155 Reykjavík.

---

---

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Ragnar Baldursson, hrl., í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við tilnefninguna.

Ragnar byrjaði á að kanna lögmæti fundarins. Skv. samþykktum sjóðsins, gr. 6.1., skal boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í bréfi sem fylgdi yfirlitum sem sjóðfélagar fengu send í lok apríl og birt var auglýsing í Fréttablaðinu 29. apríl. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan. Fundarstjóri fór síðan yfir dagskrá fundarins. Hann tilnefndi Auði Hönnu Guðmundsdóttur, starfsmann lögfræðisviðs Landsbankans, sem fundarritara. Ekki voru gerðar athugasemdir við tilnefninguna.

### **Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

---

# 1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann byrjaði á að þakka sjóðfélögum fyrir að mæta á fundinn.

Formaður gerði grein fyrir fjölda funda sem stjórnin hélt á liðnu starfsári, sagði frá stefnumótunarfundi stjórnar og frá breytingum sem orðið hefðu á stjórn sjóðsins á starfsárinu. (Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum, fjórum kosnum af sjóðfélögum og einum skipuðum af bankaráði Landsbankans. Í varastjórn eru þrír menn. Tveir kosnir af sjóðfélögum og einn skipaður af Landsbankanum.) Hann sagði að ljóst væri að stjórnin myndi uppfylla ákvæði laganna varðandi kynjahlutföll á komandi starfsári. Einnig fór hann stuttlega yfir hækkun á stjórnarlaunum í takt við launavísitölu.

Hann gerði grein fyrir hlutverki endurskoðunarnefndar sjóðsins sem skipuð er af tveimur stjórnarmönnum og einum sjóðfélagi.

Formaður stjórnar fór yfir fjölda sjóðfélaga sem voru 8491 í árslok og var stærð sjóðsins 41.529m. kr. sem er um 10,6% stækkun á árinu. Formaður sagði að ávöxtun deilda í sjóðnum hefði verið góð og í takt við viðmið sjóðsins skv. fjárfestingarstefnu. Formaður sagði að þeim sem eiga réttindi í sjóðnum fjölgaði á árinu en virkum sjóðfélögum hefði fækkað og væri það stjórn sjóðsins áhyggjuefni. En að von stjórnar væri að viðsnúningur yrði á næstu misserum og árum samhliða auknum áherslum í kynningu á sjóðnum og kostum hans.

Formaður nefndi að 85% eigna Íslenska lífeyrissjóðarins væru í séreignardeildum og að markmið stjórnar væri að auka hlut lögbundins lífeyrissparnaðar.

Formaður fór yfir að samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins væru skuldbindingar samtryggingardeildar sjóðsins 84 milljónum hærrí en eignir, eða sem nemur 0,5%. Hann sagði einnig að eignir og skuldbindingar deildarinnar í jafnvægi og ekki væru fyrirhugaðar breytingar á réttindum sjóðfélaga.

Formaður sagði frá áhættustýringastefnu sem stjórn samþykkti á árinu. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir að fylgst sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti og að áhættustýring væri lykilþáttur í rekstri lífeyrissjóðsins.

Formaður fór í breytingar á starfsumhverfi lífeyrissjóða sem snert hafa Íslenska lífeyrissjóðinn. Nefndi þar í fyrsta lagi sérstöku útgreiðsluna eða fyrirframgreiðslu séreignarsparnaðar. Sú heimild

var fyrst opnuð á árinu 2009 en frá þeim tíma hefur hún verið framlengd og hámarksfjárhæðin hækkuð. Nú verður opið fyrir úttektir til 1. janúar 2015 en hámarksfjárhæðin er komin í 9 milljónir á einstakling. Um síðustu áramót höfðu sjóðfélagar Íslenska lífeyrissjóðsins tekið út um 9,3 milljarða á grundvelli þessarar heimildar og því ljóst að þetta hefur haft umtalsverð áhrif á stærð sjóðsins og rekstur.

Í öðru lagi nefndi hann lækkuð á frádráttarbæru iðgjald launþega til séreignarsparnaðar úr 4% í 2% af launum. Ákvæðið gildir frá 1. janúar 2012 til 30. júní 2014. Hann sagði að þar sem stór hluti af iðgjöldum Íslenska lífeyrissjóðsins væri vegna séreignarsparnaðar hafði þessi breyting tölverð áhrif á greiðslur inni sjóðinn og drógust iðgjöld sjóðfélaga á tímabilinu saman um rúm 25% vegna þessa.

Í þriðja lagi nefndi formaður nýsamþykkt lög sem heimila réttihöfum viðbótarlífeyrissparnaðar að greiða 6% iðgjaldshluta inn á lán eða safna iðgjaldinu til húsnæðiskaupa á næstu þremur árum. Hann sagði að þó að aðgerðin sem slík væri jákvæð fyrir sjóðfélaga væri ljóst að verulega myndi draga úr innstreymi inn í sjóðinn á næstu árum vegna aðgerðanna.

Formaður sagði það ljóst að þessar aðgerðir hafi haft og munu hafa mikil áhrif á starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins og það væri afar mikilvægt að hugmyndir, m.a. um að festa húsnæðissparnaðarheimildina í sessi, yrðu ekki að veruleika.

Á árinu 2013 voru gerðar breytingar á rekstrar-samningi á milli Íslenska lífeyrissjóðsins og Landsbankans. Föst þóknun var lækkuð úr 0,42% af meðalstærð sjóðsins í 0,28% og tók sú breyting gildi frá og með 1. júlí 2013.

Á árinu 2013 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins og greiðir laun framkvæmdastjóra. Á árinu greiddi sjóðurinn 137,2 milljónir í fasta þóknun vegna reksturs sjóðsins sem er 11,4 milljóna lækkuð frá fyrra ári. Að auki var greidd rúm 31,1 milljón í árangurstengda þóknun samkvæmt samningi.

Í ágúst 2013 varð sú breyting að Ólafur Páll Gunnarsson tók við starfi framkvæmdastjóra sjóðsins af Halldóri Kristinssyni. Þakkaði formaður Halldóri fyrir góð störf og bauð Ólaf Pál velkomin til starfa.

Að lokum þakkaði formaður þeim sem starfað hafa með stjórn sjóðsins á liðnu ári fyrir vel unnin störf í þágu hans.

---

## 2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2013. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðanda þann 30. apríl 2014.

Framkvæmdastjóri fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, hækkun á hreinni eign sem var 12% á milli ára, en frá 2009 hefur hrein eign vaxið um 58,7% en lífeyrissjóðakerfið um 50% og séreignarsjóðir um 51,8%. Hann fór yfir þróun lífeyrisbyrði með og án fyrirframgreiðslu, en sérstök fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar sýnir lífeyrisbyrði. Lífeyrisbyrði án fyrirframgreiðslu hefur þungst og er helsta ástæða möguleiki á eingreiðslu við 60 ára aldur í stað þess að dreifa útgreiðslum á 7 ár. Sjóðurinn hefur samtals greitt út 9.275 milljónir í fyrirframgreiðslu frá árinu 2009. Lífeyrisbyrði samtryggingardeildar árið 2013 var 7,9%, skýrist það af lágum meðalaldri sjóðfélaga og fáir byrjaðir að taka út ellilífeyri.

Framkvæmdastjóri fór yfir skrifstofu- og stjórnunarkostnað, árangurstengda þóknun, en hún var 31,1 milljónir eða 0,07% af hreinni eign sjóðsins.

Hann sagði frá nýjum rekstrarsamningi sem mun tók gildi 30. júní 2013, en föst þóknun til Landsbankans lækkar úr 0,42% í 0,28%.

Framkvæmdastjóri fór yfir eignir sjóðsins, vöxt deilda með og án fyrirframgreiðslu, sjóðstreymi sjóðsins og almennt yfir skýringar í ársreikningi sjóðsins. Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir sögulega raunávöxtun deilda, skiptingu eigna eftir gjaldmiðlum, fjölda virkra sjóðfélaga, fjölda lífeyrisþega og að síðustu hlutfallslega skiptingu lífeyris þar sem fram kom að fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar var 67,09% af útgreiðslu lífeyris.

Fundarstjóri sagði að umræður um ársreikning færu fram síðar á fundinum. Enginn mótmælti því.

---

## 3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Fundarstjóri gaf næst orðið Pétri Péturssyni, sjóðstjóra sjóðsins, sem gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins á árinu 2014. Fram kom í máli Péters að fjárfestingarstefna ársins hefði verið samþykkt af stjórn sjóðsins 27. nóvember 2013.

Sjóðstjóri sagði að mikilvægt væri að stórt hlutfall sjóðsins væri í seljanlegum eignum m.a. vegna möguleika sjóðfélaga í séreign að flytja sig á milli vörsluaðila og heimild sjóðfélaga til úttektar í eingreiðslu við 60 ára aldurinn.

Sjóðstjóri sagði að engar breytingar hefðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu frá fyrra ári.

Sjóðstjóri fór næst yfir þróun markaða og ávöxtun sjóðsins og skýrði út með gröfum. Greindi hann frá árinu 2013 í hnotskurn og kom fram að stýrivextir Seðlabanka voru 6% allt árið. Hann sagði að meðalverðbólga árið 2013 hafi verið 3,9%. Hann fór yfir sveiflur á innlendum og erlendum hlutabréfmarkaði árið 2013. Sagði að úrvalsvísitala hefði hækkað um 18,9% og heimsvísitala hækkaði 11,5% í krónum.

---

## 4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Fundarstjóri gaf næst orðið Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins. Ólafur gerði grein fyrir tryggingafræðilegri athugun sjóðsins á árinu 2013 og forsendum hennar. Ólafur sagði athugunina eingöngu lúta að samtryggingardeild sjóðsins. Samtryggingin væri tiltekin eign í samræmi við samþykktir sjóðsins og að athugunin væri samanburður á eignum lífeyrissjóðsins og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til lífeyris. Ólafur sagði að skuldbindingar væru háðar óvissum atburðum tengdu lífi og heilsu sjóðfélaga. Hann benti á að lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði hefðu almennt engan ábyrgðaraðila og því væru einu úrræði lífeyrissjóða þegar illa áraði að hækka iðgjöld eða lækka réttindi.

Ólafur vék því næst að tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í lok árs 2013. Bar hann saman áunnin réttindi og framtíðariðgjöld og sýndi í töflum. Fram kom í máli hans að áunnin réttindi næmu 7,3 m.kr. Heildarstaða sjóðsins er -0,5%. Reikniforsendur

sömu og árið 2012. Breyting milli ára er sú að áfallin staða batnar úr 2,0% í -1,1% en framtíð versnar úr +0,4% í +0,0%. Hann skýrði ástæðu þessa. Hann endaði síðan á að fara yfir breytingar á ólifaðri ævi. Tók hann dæmi að 70 ára karlkyns sjóðfélagi myndi lifa í 14,68 ár en kvenkyns í 16,66 ár. Því væri byrði sjóðarins vaxandi þar sem þetta væri breyta sem áhrif hefur á skuldbindingar sjóðsins.

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum og fyrirspurnum úr sal varðandi þennan lið. Enginn bað um orðið.

### Umræður og fyrirspurnir

Ársreikningur var samþykktur samhljóma.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir varðandi fyrri erindi. Engin bað um orðið og engar athugasemdir komu fram varðandi fyrri liði. Því var haldið áfram með dagskrá fundarins.

---

## 5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar.

Samkvæmt samþykktum þarf að kjósa tvo stjórnarmenn í aðalstjórn til tveggja ára. Í framboði voru:

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, markaðsstjóri

Snorri Ómarsson, flugstjóri

Engin annar hafði boðið sig fram og því voru þau sjálfkjörin til setu í stjórn sjóðsins.

Samkvæmt samþykktum þarf að kjósa einn varamann í stjórn til tveggja ára. Eitt framboð hafði borist:

Valur Ægisson, verkfræðingur.

Fundarstjóri lýsti eftir fleiri framboðum til varamanna sjóðsins. Svo var ekki og því var Valur sjálfkjörin varamaður.

Samkvæmt samþykktum skipar Landsbankinn einn aðalmann í stjórn til tveggja ára. Landsbankinn skipaði fulltrúa á síðasta fundi til tveggja ára en það er Unu Eyþórsdóttur, mannauðsstjóri.

Samkvæmt samþykktum tilnefni Landsbankinn einn varamann til tveggja ára. Varamaður f.h. Landsbankans var skipaður á síðasta ársfundi til tveggja ára en það er Guðríður Sigurðardóttir, mannauðsráðgjafi.

---

## 6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2014 verði Pálína Árnadóttir sem starfar hjá Deloitte. Ekki var gerð athugasemd af fundarmönnum.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri Deloitte, Smáratorgi 3 því réttkjörinn endurskoðanda Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2014.

---

## 7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Engar breytingartillögur bárust innan tímamarka og því ekki farið frekar í þennan lið. Fundarstjóri

bauð fundarmönnum að taka til máls. Enginn kaus að gera það.

---

## 8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnarlaun verði 72.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnarlaun fyrir varaformann. Varamenn fá greiddar 28.000 krónur í fasta greiðslu á mánuði auk 44.000 krónur til viðbótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í forföllum stjórnarmanns. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal samt

aldrei vera hærri en sem svarar til launa stjórnarmannanna.

Tillagan felur í sér 4,4% hækkun sem er í takt við hækkun á launavísitölu.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls um tillöguna. Enginn tók til máls og bað fundarstjóri fundarmenn að gefa merki ef einhver væri andsnúinn því að greiða atkvæði með handauppréttingu. Svo reyndist ekki vera. Tillagan var samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

---

## 9. Önnur mál

Fundarstjóri sagði að engar tillögur til ályktana hefðu borist innan tímamarka.

Fundarstjóri kvað orðið laust. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri þakkaði fyrir fundarritun og fundarmönnum kærlega fyrir fundinn. Fundi slitið kl. 17:57.

Sjóðfélagar á fundi voru 13 og því vægi atkvæða 0,19%.

